

Fundargerð stjórnar BÍS 20/2012.

miðvikudaginn 19. september 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi og Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri,

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Umræða 1:
 - a. Áfangaskýrsla um Róverskátadagskrá: JIB kynnti áfangaskýrslu frá vinnuhópi um róverskátadagskrá. Stjórn þakkar vinnuhópnum fyrir skýrsluna og hvetur hann til að halda vinnunni áfram. Sérstakri ánægju var lýst með könnun sem gerð var á LM-2012 og einnig hvatningu hópsins til róverskátana um að mæta á mótið.
3. Umræða 2:
 - a. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2013: Tillögurnar í frumvarpinu eru mikil vonbrigði og ljóst að mikil vinna er framundan til þess að reyna að fá þeim breytt. HS hefur umsjón með vinnunni.
 - b. Sjálfstæði skátaflokka: BAÁ kynnti niðurstöður könnunnar sem gerð var á LM-2012, endurmatsfundi LM-2012 og samstarfsfundum með skátafélögum. Niðurstöðurnar sýna mjög lítið sjálfstæði skátaflokkanna. Stjórnarmenn ætla að velta fyrir sér leiðum sem stuðlað geta að auknu sjálfstæði skátaflokka og koma niðurstöðunum inn í bókina „gott verklag í skátastarfi“ sem nú er í vinnslu.
 - c. Erindi frá Friðarþingi: Erindi barst frá formanni Friðarþingsnefndar vegna aðkomu upplýsingaráðs að kynningarmálum þingsins. BB falið að svara.
 - d. Auglýsingaherferð Blátt áfram: Stjórn harmar þá neikvæðu mynd sem ítrekað hefur verið dregin upp af sjálfboðaliðum sem vinna með skátahreyfingunni. Þar sem herferðin virðist yfirstaðin mun stjórn BÍS ekki bregðast við henni.
 - e. Afmælisár:
 - i. Hátíðarkvöldverður: JIB kynnti að hátíðarkvöldverður verður föstudagskvöldið 2. nóvember á Grand hóteli Reykjavíkur. Afmælisnefnd annast undirbúning.
 - ii. Afmælisbók: HS upplýsti að búið væri að safna efni og styrktarlínum og að bókin væri tilbúin til útgáfu. Vegna stærðar bókarinnar væri prentun mjög dýr og því var samþykkt að hún verði eingöngu gefin út á rafrænu formi.
4. Mál til kynningar og bókunar:
 - a. Starfsyfirlit Skátamiðstöðvarinnar: Lá fyrir.
 - b. Erindi frá SSR: Stjórn Skátasambands Reykjavíkur hefur svarað erindi stjórnar BÍS um viðræður um kaup BÍS á eignarhlut SSR í Útílífsmiðstöð skátana Úlfljótsvatni og jörðinni Úlfljótsvatni. Stjórn SSR er tilbúin til viðræðna. Undirbúningur viðræðna verður nánar ræddur á næsta fundi.

- c. Samráðsfundur með skátafélögum: Alls voru haldnir 5 fundir, í Hveragerði, í Reykjavík, í Kópavogi, í Borgarnesi og á Akureyri. Fundirnir voru vel sóttir og tókust vel.
- d. Fundargerð stjórnar BÍS: Samþykkt , með smávægilegum lagfæringum.
- e. Fundargerð Æskulýðsvettvangsins: Lá frammi.
- f. WOSM Europe Tailored support: JIB spurðist fyrir um hvort umsókn hafi verið send inn. HS sagði svo vera og að HSG fylgdi henni eftir.
- g. Forsetamerki: Forsetamerkið verður afhent 29. september kl. 13:00.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði JA